

Viðbrögð við Jarðskjálfta

- Mikilvægt er að halda ró sinni nemendanna vegna og skapa ekki óþarfa spennu
- Við jarðskjálfta getur verið hættulegt að hlaupa út úr skólanum í óðagoti.
- Reyndu frekar að leita skjóls og vera kyrr á öruggum stað innandyra t.d. úti í horni við burðarveggi fjarri gluggum, undir borði eða í dyragætt. Leitastu alltaf við að skíla höfðinu.
- Bíddu eftir aðstoð eða boðum um að rýma skólann. Ef engin aðstoð berst verður kennari/starfsmaður að meta aðstæður. Ef kennari/starfsmaður metur að rýma þurfi húsnæðið skal það gert samkvæmt rýmingaráætlun (ekki hlaupa út í óðagoti).
- Þegar skólinn er yfirgefinn skal safnast saman á íþróttavellinum vestan við skólann. Mikilvægt er að kennari hafi með sér mætingarkladda ef mögulegt er og hafi nafnakall á söfnunarstað.
- Leitist við að forða nemendum og starfsfólki á fumlausan og skipulegan hátt, ákveðið hver fer fyrstur og hver verður síðastur til að minnka líkurnar á að einhver slasist eða gleymist.
- Ekki hlaupa niður stiga og ekki nota lyftur þegar skólinn er yfirgefinn
- Takið ekki óþarfa áhættu, hugsið fyrst og fremst um öryggi nemenda og ykkar eigið.

Varist:

Húsgöng sem geta hreyfst úr stað eða fallið

Hluti sem geta fallið úr hillum eða skápum

Ofna sem geta henst úr festingunum.

Rúður sem geta brotnað og glerbrot sem gætu verið á gólfum.

Hafið í huga: **Krjúpa – Skýla - Halda**



Fara út í horn burðarveggja,
KRJÚPA þar **SKÝLA** höfði og
HALDA sér ef unnt er



Fara í hurðarop
KRJÚPA þar **SKÝLA**
höfði og **HALDA** sér



Fara undir borð **KRJÚPA** þar
SKÝLA höfði og **HALDA** í
borðfót